

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 16. september 2015
UST201508-136/B.S.
10.05.08

Efni: Hvammsvirkjun. Endurskoðun umhverfismats. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem fram komi álit stofnunarinnar á því hvort endurskoða skuli matsskýrslu Hvammsvirkjunar að hluta eða í heild sinni. Í því efni er sérstaklega óskað eftir því að tekin verði afstaða til þess hvort forsendur hafi breyst verulega frá því að úrskurður Skipulagsstofnunar lá fyrir.

MÁU og rammaáætlun:

Í matsskýrslu Landsvirkjunar 2003 var lagt mat á virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW. Lagðir voru fram tveir kostir á útfærslu virkjunarinnar annar vegar í einu þrepi við Haga og hins vegar í tveimur þrepum annars vegar Hvammsvirkjun og hins vegar Holtavirkjun.

Skipulagsstofnun birti úrskurð sinn um mat á umhverfisáhrifum virkjunar við Núp þann 19. ágúst 2003. Þar var fallist á virkjunina með fimm skilyrðum. Fjögur skilyrðanna lúta að endurheimt votlendis, aðgerðir gegn sandfoki, vöktun á öldurofi og könnun á fornleifum á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Eitt skilyrðanna er á þá lund að framkvæmdaraðili skuli áður en framkvæmdir hefjast standa fyrir viðbótarrannsókn um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar voru til af Veiðimálastofnun.

Frá árinu 2003 hefur ágreiningur um Hvammsvirkjun aðallega snúist um möguleg áhrif virkjunarinnar á lífríki Þjórsár.

Í nóvember 2003 var niðurstaða 1. verkefnisstjórnar rammaáætlunar að setja Núpsvirkjun (Hvammsvirkjun) í umhverfisflokk a, þ.e. í flokk virkjanakosta með minnst umhverfisáhrif. Í kjölfar vinnu RÁ-2 var Hvammsvirkjun sett í biðflokk meðan unnið væri að frekari gagnaöflun og mati. Óvissa varðandi Hvammsvirkjun snérist um að eyða og/eða endurmeta þá óvissu um áhrif virkjunarkostsins á laxfiska í Þjórsá. Ráðnir voru óháðir sérfræðingar til að fara yfir fyrirbyggjandi gögn og meta gæði þeirra. Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar skilaði rökstuddum niðurstöðum sínum fyrir virkjanir í neðri Þjórsá 2014, þar sem lagt er til að Hvammsvirkjun verði sett í nýtingarflokk.

Breytingar:

Mannvirki Hvammsvirkjunar eru að mestu leyti hin sömu og þegar virkjunin var fyrst kynnt til mats á umhverfisáhrifum árið 2003. Helstu breytingar eru þær að lón hefur minnkað úr 4,7 km² í 4,0 km². Stöðvarhús hefur verið lækka verulega eða úr 18 m yfir landhæð í 5 m. Aðrar breytingar á mannvirkjum flokkast undir mótvægisáðgerðir sem eru til þess fallnar að draga úr neikvæðum áhrifum virkjunarinnar á laxfiska. Þar má nefna að byggð verður sérstök seiðafleyta í stað steypis yfirfalls. Einnig hefur Landsvirkjun ákveðið að hverflar virkjunarinnar verði af svokallaðri „fish friendly“ gerð, slíkir hverflar eiga að auka lífslíkur þeirra seiða sem fara í gegnum virkjunina.

Umhverfisstofnun telur að ekki hafi orðið þær breytingar í lagaumgjörð sem tekur til mannvirkja eins og Hvammsvirkjunar að slíkt kalli á að umhverfismat verði endurskoðað.

Umhverfisstofnun hefur gefið allmargar umsagnir um Hvammsvirkjun frá árinu 2003 þegar stofnunin taldi að ekki væri líklegt að framkvæmdin hefði umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun gaf 30. október 2014 umsögn um þingsályktunartillögu 244. mál þar sem lagt var til að Hvammsvirkjun verði flutt í nýtingarflokk.


Umhverfisstofnun gerði ekki í umræddri umsögn athugasemdir við tillöguna um að færa Hvammsvirkjun í nýtingarflokk þar sem rannsóknir og fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir hefðu minnkað verulega óvissu varðandi áhrif virkjunarinnar á laxfiska.


Í greinargerð segir m.a.: „Mótvægisaðgerðir hafa þróast með tilliti til rannsókna, en ljóst er að virkni þeirra verður aldrei fullljós fyrr en til kastanna kemur.“

Umhverfisstofnun tekur undir að sjaldnast er hægt að gera ráð fyrir algjörri vissu um öll áhrif framkvæmda. Umhverfisstofnun bendir á að frá árinu 2003 hafa verði stundaðar markvissar rannsóknir á umhverfi laxfiska í Þjórsá, mögulegum áhrifum virkjunarinnar og til hvaða mótvægisaðgerða sé unnt að ráðast í til að draga úr neikvæðum áhrifum Hvammsvirkjunar.

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsagnir sínar um Hvammsvirkjun og telur því ekki ástæðu til að endurtaka mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar hvorki að hluta né í heild sinni.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri